



Olíufélagið hf

Alþingi
Erindi nr. P 127/127/
komudagur 15.3.2002


Reykjavík 11. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
bt: Sigrún Brynja Einarsdóttir
Fax 563 0430

Efni: Umsögn um "Tillögu til þingsályktunar um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi

Vísað er í bréf dagsett 19. febrúar 2002, varðandi umsögn um ofangreint efni. Olíufélagið gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna nema að einu leyti. Olíufélagið leggur ríka áherslu á, að í nefndinni sitji fulltrúi a.m.k. eins olíufélags, jafnvel allra þar sem augljóst er, að þau hafa í áratugi selt eldsneyti til notkunar á farartækjum á landi og sjó. Það væri því mjög óeðlilegt er að frá þessum hópi sæti ekki fulltrúi/fulltrúar í nefndinni. Vinsamlegast er farið fram á, að ekki verði hjá þessu atriði gengið.

Virðingarfyllt,
f.h. Olíufélagsins hf.


Magnús Ásgeirsson